




Viðburðarík helgi í Gerplu

Daganna 23.-26.apríl var heldur betur nóg að gera í herbúðum Gerplu en félagið sá um að halda Mílanómeistarmótið í áhaldafimleikum fyrir fimleikasambandið ásamt því að vera með tvö mót fyrir yngri iðkendur félagsins. Vel tókst til með öll mótin og er gaman að sjá hversu mikil gróska er í starfsemi yngri flokkanna. Myndir af iðkendum úr yngri flokkunum er að finna á heimasíðu Gerplu en við þökkum ykkur öllum fyrir skemmtilega og viðburðaríka helgi.



Frábært Evrópumót í áhaldafimleikum

Íslenska landsliðið í áhaldafimleikum stóð sig mjög vel á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Montpellier í Frakklandi. Hæst ber að nefna árangur Normu Daggar Róbertsdóttur Gerplukonu sem annað Evrópumótið í röð er varamaður í úrslitum á stökki. Að þessu sinni keppti Norma Dögg með nýtt og glæsilegt stökk sem tókst mjög vel og náldi hún sér því í 9.sætið á mótinu á stökki sem er frábær árangur.

Gerpla átti þrjá aðra fulltrúa í landsliðinu á mótinu, Hrannar Jónsson, Thelmu Rut Hermannsdóttur og Andreu Ingibjörgu Orradóttur. Þau stóðu sig öll með þryði á mótinu og fengu kærkomna reynslu sem mun svo sannarlega nýtast á Smáþjóðaleikunum í sumar. Valgarð Reinhardsson tók ekki þátt á mótinu vegna meiðsla. Guðmundur Þór Brynjólfsson og Guillermo Alvarez frá Gerplu voru landsliðsþjálfarar í ferðinni.

Við óskum þeim öllum innilega til hamingju með mótið og hlökkum til að sjá þau á heimavelli í byrjun júní þegar smáþjóðaleikarnir fara fram.



Íslandsmótið í hóp fimleikum

Fór fram í Ásgarði Stjörnunni daganna 17.-18.apríl. Gerpla átti alls þrjú lið í kvennaflokki og eitt í karlaflokki. Það var vitað fyrir mótið að hörð keppni myndi vera milli liðs Stjörnunar og Gerplu í kvennaflokki og Stjörnunar og Selfoss í flokki blandaðra liða en Gerpla átti ekki lið í þeim flokki.

Svo fór að Stjarnan sat upp sem sigurvegari í kvennaflokki og lið Selfoss í blönduðum flokki og Gerpla í karlaflokki. Seinni daginn var keppt á einstökum áhöldum og unnu Gerplustúlkur Íslandsmeistarartitilinn í gólfæfingum. Karlaliðið vann öll sín áhöld og vann Gerpla því alls til 5 Íslandsmeistaratitla.



Viðburðir:

Vorsýning Gerplu 5-6.júní

